

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2020

2023/EES/22/16

frá 12. júní 2020

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun
og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á
um í 101. gr.) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 frá 19. mars 2019 um að taka í notkun höfuðléníð .eu og hlutverk þess og um breytingu og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 733/2002 sem og niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2019/517 fellir úr gildi frá 13. október 2022, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 733/2002 ⁽²⁾, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 ⁽³⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott úr samningnum frá 13. október 2022.
- 3) Ber því að breyta XI. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Viðauka XI. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Í stað texta liðar 5o (felldur brott) kemur eftirfarandi:

„– **32019 R 0517:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 frá 19. mars 2019 um að taka í notkun höfuðléníð .eu og hlutverk þess og um breytingu og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 733/2002 sem og niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 (Stjtið. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 25).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 4. mgr. og 5. mgr. 4. gr. og f-lið 11. gr. ber að skilja vísanir til laga Sambandsins sem vísanir til EES-samningsins.

Tilhögun samstarfs EFTA-ríkjanna í samræmi við 101. gr. samningsins:

EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í .eu-ráðgjafarhópi á sviði fjölgagismuna, þó án atkvæðisréttar.“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 5oa (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 733/2002):

„, breytt með:

– **32019 R 0517:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 frá 19. mars 2019 (Stjtið. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 25).“

3. Texti liðar 5oa (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 733/2002) og 5oab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004) fellur brott frá 13. október 2022.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 113, 30.4.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 40.

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við bókun 37:

„41. Hópurinn .eu-ráðgjafarhópur á sviði fjölhagsmuna (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/517, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.